

L Ö G

um ullarmat.

107

11. ágúst

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 8. gr. laga, nr. 29 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat, höfum látið fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1915 og gefum þau hér með út svo breytt:

1. gr.

Öll ull, sem flutt er héðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutnings-skipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sé skoðuð og flokkuð eftir réttum reglum. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

2. gr.

Ráðherra getur lagt bann við því, að verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsmanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.

3. gr.

Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins. Auk þess skal haft undirmerki, er sé skammstafað nafn verzlunar þeirrar eða kaupfélags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

4. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi, setur Stjórnarráðið í erindisbréfum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

5. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á ann-

107 an hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

11. ágúst

1. Frá Vik í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

Einn af yfirullarmatsmönnum, sá er ráðherra skipar til þess, skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur, og nefnist hann ullarmatsformaður. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

Ráðuneytið tiltekur nánar starfsvið hans, eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum útflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa og eftir tillögum hans.

7. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

8. gr.

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 800 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðist úr rikissjóði.

Kaup ullarmatsmanna greiða verzanir þær og kaupfélög þau, er ull flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn né yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipunum né öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, né kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig né aðra.

9. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og lita eftir ullarmati, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun, eftir því sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar.

10. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrir mæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til lands-sjóðs. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

107

11. ágúst

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 11. ágúst 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

um refaveiðar og loðdýrarækt.

108

11. ágúst

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 8. gr. laga, nr. 62 19. júní 1933, um breyting og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt, höfum látið fella texta þeirra inn í lög nr. 44 1930 og gefum þau út svó breytt sem lög um refaveiðar og loðdýrarækt:

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skyld er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi leggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleit-